
Maður og umhverfi

Tolli sýnir að Kjarvalsstöðum



Tolli með einu verka sinna: Frelsun fiskanna. Ljósm. Kristinn.

Þessar myndir eru sprottnar upp af minni einstaklingsbundnu reynslu sem Íslendingur í því umhverfi sem við öll þekkjum: sjávarplássinu, á sjónum, í frystihúsinu. Ég tók þessa stefnu í málverkinu strax þegar ég var á skólanum í Vestur-Berlín á árunum 1983–85. Ég vildi vinna út frá mínum eigin forsendum sem einstaklingur.

Það er Tolli sem talar. Öðru nafni Þorlákur Kristinsson. Hann opnar stóra sýningu á Kjarvalsstöðum um helgina. Og hann heldur áfram:

–Ég efast um að ég hefði tekið þessa afstöðu ef ég hefði ekki farið til Berlínar og séð verk ungu málaranna þar: styrkur þeirra fólst frekar í sterkri sjálfsímynd og ríkri tilfinningu fyrir tímanum og umhverfinu en einhverri fagurfræðilegri spekúlasjón.

Annars hlaut ég mitt myndlistarlega uppeldi hjá Ragnari í Smára og föður mínum, sem rak rammaverkstæði. Ég held að mín kynslóð hafi fengið sitt myndlistaruppeldi í gegnum eftirprentanir sem Helgafell lét gera af íslenskri myndlist. Þegar maður hugsar til barnaskólaáranna, þá er það sem stendur eftir í minningunni línóleumdúkurinn á gólfinu, lýsiskannan sem þeir helltu úr ofaní okkur og myndirnar eftir Mugg, Þorvald og Jón Stefánsson á veggjunum. Að ógleymdri Fjallamjólk Kjarvals. Þetta fylgdi manni síðan hvar sem maður kom í opinberar byggingar og víðar, og sat einhvers staðar inní manni, hvort sem okkur líkaði betur eða ver.

Svo þegar ég var orðinn 13-14 ára fór ég að sjá eftirprentanir eftir Picasso, Modigliani, Van Gogh og fleiri innan um alla sætsúpuna á rammaverkstæðinu hjá pabba. Þá hugsaði ég um Picasso: nú, já, hann málar eins og Þorvaldur þessi. Annars gerði maður engan greinarmun á svokallaðri æðri myndlist og öðru myndlistarkyns á þessum árum.

En leið mín til myndlistarinnar er ekki vitsmunalegt ferðalag, heldur er þetta eins konar leikur, sem tekur þig heljartökum og vinnur úr þeim áhrifum sem safnast hafa fyrir innra með þér.

Ef litið er á þessa sýningu í heild, þá má segja að hún fjalli um mann og umhverfi. Sjóinn, fiskinn og sjávarplássið. Ég hef fengið þetta í skrokkinn eins og þúsundir Íslendinga. Það má líka segja að hvað sem allri tækni og tölvuvæddum Evrópubandalögum líður, þá er og verður aflabrestur spurning um líf og dauða hér á Íslandi.

Hin beina lífsreynsla er hráefnisöflun í myndina eins og uppskerutíminn fyrir vínbóndann. Vínið þarf að gerjast og lagerast til þess að verða gott. Því lengra sem frá líður finnst mér þessi reynsla verða safaríkara efni í myndlist. Maður fær skarpari sýn á efnið með tímanum. Í rauninni eru þetta smásögur úr eigin lífi settar upp í táknmál myndlistarinnar. Það er hin rétta blanda í mínu bruggi.

Sýning Tolla verður opnuð á laugardag kl. 15. Á sunnudagskvöld kl. 20.30 býður Tolli til kvöldvöku með vinum og kunningjum að Kjarvalsstöðum. Þar verður úrvalssveit skemmtikrafta: Megas, Bubbi, Sigfús Bjartmarsson, Einar Már Guðmundsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.

–ólg

